



Minnisblað til ríkisstjórnar

Viðtakandi Ríkisstjórn Íslands
Sendandi Forsætisráðherra, menningar- og viðskiptaráðherra, umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra, og dómsmálaráðherra

Dagsetning **8. nóvember 2024**
Málsnúmer **MVF24080113**
Jafnréttismat [Já/Nei]

Niðurstöður ráðuneytisstjórahóps um jöklaferðir, í kjölfar banaslyss á Breiðamerkurjökli

Samantekt

Ráðuneytisstjórahópurinn leggur til að:

- Öryggisáætlun ferðaþjónustuaðila jöklaferða verði hluti leyfisveitingaferils
- Auknar kröfur verði gerðar í samningum Vatnajökulsþjóðgarðs við ferðaþjónustuaðila um menntun og reynslu leiðsögumanna
- Sömu kröfur verði gerðar til ferðaþjónustuaðila á þjóðlendum og í þjóðgörðum með nýtingarsamningum við sveitarfélög
- Menntun leiðsögumanna verði betur tryggð innan menntakerfisins og/eða með stuðningi við Félag fjallaleiðsögumanna
- Unnið verði áhættumat á jökklum sem nýtt verði til að meta áhættu í skipulögðum jöklaferðum
- Haldin verði skrá um slys og óhöpp í ferðaþjónustu.

Lagt er til að tillögnum verði vísað til nánari útfærslu til starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra um bætt öryggi ferðamanna, samanber þingsályktun um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 sem samþykkt var í júní sl.

Aðdragandi

Á fundi ríkisstjórnar 27. ágúst sl. var ákveðið að koma á fót starfshópi ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og dómsmálaráðuneytis til að afla upplýsinga um banaslys sem varð í skipulagðri ferð í jöklaferð á Breiðamerkurjökli sunnudaginn 25. ágúst. sl. og skoða öryggi í íshellaferðum almennt.

Starfshópurinn kallaði eftir skýrslum varðandi atvikið frá Ferðamálastofu og Vatnajökulsþjóðgarði og átti fundi með Veðurstofunni, Vatnajökulsþjóðgarði, Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Hornafjarðarbæ, Mýrdalshreppi, Bláskógabyggð, Borgarbyggð, Ferðamálasamtökum Austur-Skaftafellssýslu og Félagi fjallaleiðsögumanna.

Þó boðið hafi verið upp á skipulagðar jöklaferðir á Íslandi fyrir ferðamenn í meira en hálfa öld er óhætt að segja að sprenging hafi orðið með auknum ferðamannafjölda síðastliðinn áratug. Með upplýsingum um fjölda í skipulögðum jöklaferðum í Vatnajökulsþjóðgarði og könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna má reikna með að um 400 þúsund manns hafi farið í skipulagða jöklaferð á árinu 2023, eða tæplega fimmtungur erlendra ferðamanna á því ári.

Að teknu tilliti til meðalverðs fyrir jöklaferð má áætla að tekjur ferðaþjónustuaðila af þessum ferðum hafi numið um 10 milljörðum króna á árinu 2023. Eru þá ótalin ýmis hliðaráhrif slíkra ferða svo sem

gisting, bílaleigur og veitingastaðir. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu eru 36 fyrirtæki sem sjá um framkvæmd á jöklaferðum en mörg þeirra reka starfsemi á fleiri en einum jökli. Þannig eru 14 ferðapjónustuaðilar á Breiðamerkurjökli, 10 á Sólheimajökli, 10 á Skaftafellsjökli, níu á Kötlujökli, sjö á Langjökli og einn á Öræfajökli.

Margir möguleikar eru í boði fyrir ferðamenn í skipulögðum jöklaferðum hjá fjölbreyttum hópi fyrirtækja sem sérhæfa sig í ferðamennsku á jöklum. Dæmi um ólíkar tegundir jöklaferða eru jökulgöngur, vélsleðaferðir á jökul, ferðir á jökul með snjótroðara, ísklifurferðir og íshellaferðir. Greina má síðan þessar ferðir enn betur niður. Íshellaferðir geta þannig verið í manngerða íshella uppi á jökli, náttúrulega íshella við jökulsporð eða íshella eða árfarvegi upp á jökulbrún. Í þessu minnisblaði er sjónum beint að skipulögðum jöklaferðum sem samheiti ólíkra tegunda ferða á jökul.

Af þessum upplýsingum er ljóst að jöklaferðir hafa mikið aðdráttarafl og skapa miklar tekjur fyrir þjóðarþúið. Jöklaferðir eru eitt af því sem gerir Ísland að áhugaverðum áfangastað erlendra ferðamanna sem sækja í upplifun utan hefðbundinna áfangastaða, árið um kring.

Engum vafa er undirorpið að jöklaferðir geta verið hættulegar og á það sérstaklega við að sumri og í hlýindum þegar leysing er í gangi. Gera þarf greinarmun t.d. á ferðum í íshella sem ganga inn undir jökulsporða og ferðum í vatnsrásir, svelgi eða aðra yfirborðsmyndanir á jöklum. Þó þarf að hafa í huga að hrúnhætta getur einnig verið mikil undir bröttum eða yfirhangandi ísveggjum og ísbogum. Skyndileg flóð í íshellum eru þekkt í tengslum við jarðhita, eldvirkni, hlaup úr jökulstífluðum lönnum í hliðardölum, ofsarigningar og leysingum.

Þekking og öryggisvitund rekstraraðila og leiðsögumanna er lykilþáttur til þess að bæta öryggi í jöklaferðum og geta rekstraraðilar nýtt sér veðurgögn frá nálægum veðurstöðvum. Veðurstöðin á Kvískerjum getur t.a.m. nýst rekstraraðilum sem bjóða upp á jöklaferðir á Breiðamerkurjökli.

Í kjölfar breytinga á regluverki gerði Vatnajökulsþjóðgarður í fyrsta sinn árið 2020 samninga við fyrirtæki um jöklaferðir. Skilyrði sem þar voru sett, standa að miklu leyti óbreytt í dag. Þar á meðal eru hæfniskröfur til leiðsögumanna, hámarksfjöldi gesta per leiðsögumann hverju sinni, öryggisbúnaður og öryggisáætlanir o.fl.

Vatnajökulsþjóðgarður lét vinna áhættumat árið 2017, ætlað til notkunar fyrir leiðsögumenn á vettvangi. Gerð matskvarða var einföld (veðurfar) og ætlunin var að þróa það frekar, í takt við þá reynslu sem myndi safnast. Á þessu árabili, hefur menntun leiðsögumanna fleygt fram. Gögn um veðurfar gefa góðan grunn um mat á hættu, en fyrir liggur að endanlegt mat verður að fara fram á vettvangi, dag hvern. Þjóðgarðurinn lítur svo á að hann hafi hvorki það hlutverk né nauðsynlegan mannafla sem þarf til að meta aðstæður á öllum jöklaferðasvæðum frá degi til dags. Á hinn bóginn er unnið að því að koma á samstarfi samningshafa og óháðs fagfólks um samræmt og faglegt matsfyrirkomulag sem leiðsögumönnum verði skylt að nota.

Í Vatnajökulsþjóðgarði er til staðar regluverk sem miðar að því að setja starfsemi íshellaferða og jöklagangna eðlilegan ramma með tilliti til öryggis og fagmennsku. Þróun og umfang starfseminnar er hins vegar orðið slíkt að skoða þarf möguleika á endurskoðun þess.

Í kjölfar banaslyssins 25. ágúst sl. hefur þjóðgarðurinn sett á fót fagråd og matshópa, með fulltrúum frá Samtökum ferðapjónustunnar, Félagi fjallaleiðsögumanna og Ferðamálafélagi Austur-Skaftafellssýslu. Matshópar framkvæma daglegt stöðumat á þeim stöðum sem rekstraraðilar, sem hafa gildan samning við Vatnajökulsþjóðgarð, hyggjast fara með viðskiptavinum sínum í íshella eða til að skoða aðrar ísmyndanir. Hlutverk fagráðsins er að hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa stöðumats. Fagråd hefur svo yfirumsjón með því daglega mati. Er þetta verklag þegar komið til framkvæmda.

Bent hefur verið á að gæta þurfi sérstakrar varúðar í ferðum á Kötlujökli þar sem jökulhlaup, þ.e. skyndileg vatnsflóð upprunnin í jöklum, geti átt sér stað með litlum sem engum fyrirvara. Jökulhlaupahættan er mest að sumarlagi þegar jarðhitakatlar innan Kötluöskjunnar tengjast við kerfi leysingarvatns í jöklinum. Íshellar myndast þar sem vatn rennur um jökulinn og þeir eru því hluti af vatnskerfi jökulsins og gera má ráð fyrir að hlaupvatn fari um þá. Sumarið 2024 varð jökulhlaup í Leirá og Skálm og ef hlaupið hefði komið niður Kötlujökul, eins og jarðvísindafólk bjóst allt eins við, hefði orðið stórslys þar sem rekstraraðilar voru með ferðamenn í íshellaferðum á jöklinum á þeim tíma sem jökulhlaupið átti sér stað.

Atvikið á Breiðamerkurjökli þann 25. ágúst 2024 var fyrsta banaslysið í skipulagðri jöklaferð á Íslandi. Þekkt eru hins vegar dæmi þar sem ferðafólk á eigin vegum, í óskipulögðum ferðum, hefur lent í háska og slys hafa orðið, t.a.m. við Blágnípujökul og í íshellum í Hrafninnuskeri og Kverkjökli. Einnig hefur legið nærri slysum vegna jökulhlaupa í íshellum á austanverðum Breiðamerkurjökli.

Nánar um tillögur starfshópsins

Mikilvægt er að ferðapjónustuaðilar viðhafi ítrustu gát við mat á áhættu á jöklaferðum og geri viðskiptavininum sínum grein fyrir áhættunni. Hætta á og við jökla er alvarlegri ef hún beinist að ferðafólki sem ekki er meðvitað um að það sé á varasömum stöðum.

Margt er hægt að gera til að tryggja sem best öryggi ferðamanna á jöklum og mælir starfshópurinn með að gripið verði til aðgerða til að bæta öryggi. Starfshópurinn mælir hins vegar ekki með banni á jökla- eða íshellaferðum, hvort sem er á ákveðnum tímum eða svæðum. Í því efni verður að hafa huga hina almenna meginreglu um frjálsa för fólks um landið (almannaréttur) og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrár. Hins vegar er hægt að leggja til takmarkanir á þeirri meginreglu ef það leiðir af niðurstöðu áhættumats á tilteknum svæðum fyrir tilteknar tegundir ferða.

Hér verður fjallað nánar um tillögur starfshópsins, sem í framhaldi þarfnast nánari útfærslu og úrvinnslu í samráði við haghafa og þá sem mesta reynslu hafa á þessu sviði:

1. Öryggisáætlun ferðapjónustuaðila jöklaferða verði hluti leyfisveitingaferils

Til að mega bjóða ferðamönnum upp á skipulagðar ferðir þarf viðkomandi ferðapjónustuaðili að hafa til þess leyfi frá Ferðamálastofu, annað hvort leyfi sem ferðasali dagsferða eða ferðaskrifstofuleyfi. Til að fá útgefið leyfi þarf umsækjandi að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum um Ferðamálastofu, nr. 96/2018.

Samkvæmt 11. gr. laga um Ferðamálastofu ber hver sá sem hyggst framkvæma skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis ábyrgð á því að útbúa skriflega öryggisáætlun fyrir hverja tegund ferðar, óháð því hvort viðkomandi selur ferðina beint til ferðamanns eða með milligöngu annars aðila. Öryggisáætlun skal ávallt vera til skrifleg á íslensku og ensku. Óheimilt er að bjóða til sölu, kynna eða miðla á nokkurn hátt slíkum ferðum ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir. Öryggisáætlun felur í sér áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlun og atvikaskýrslu.

Ferðapjónustuaðilum er ekki skylt að leggja fram öryggisáætlun heldur hefur Ferðamálastofa eftirlit með því að öryggisáætlanir séu til staðar og séu uppfærðar eins og þörf er á. Ferðamálastofu er heimilt að kalla eftir öryggisáætlun og innkallar Ferðamálastofa öryggisáætlanir samkvæmt ákveðnu úrtaki á hverju ári. Ef öryggisáætlun reynist bersýnilega ófullnægjandi, eða ekki hefur verið útbúin öryggisáætlun, skal Ferðamálastofa veita aðila kost á að bæta úr innan hæfilegs frests.

Mikilvægt er að ávallt sé til staðar fullnægjandi öryggisáætlun hjá rekstraraðila þegar boðið er upp á áhættusamar ferðir, eins og t.d. íshellaferðir. Rök eru fyrir því að þegar kemur að áhættumeiri ferðum sé 11. gr. laga nr. 96/2018 breytt til samræmis við það verklag sem viðhaft er hjá Vatnajökulspjórðgarði við úthlutun leyfa, þ.e. að Ferðamálastofa geri kröfu um að lögð sé fram fullnægjandi öryggisáætlun og hún yfirfarin áður en viðkomandi hlýtur leyfi Ferðamálastofu (ekki bara eftir á í úrtaki). Það kallar á

talsvert aukna vinnu hjá Ferðamálastofu sem mæta þyrfti til dæmis með framlögum eða gjaldtöku á umsækjanda. Nánari útfærsla og skoðun á slíkri lagabreytingu á ágætlega heima innan starfshóps sem starfandi er á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis um öryggismál í ferðaþjónustu. Hluti af því er einnig að vinna reglugerð um nánari útfærslu á grundvelli 11. gr. laganna.

2. Auknar kröfur verði gerðar í samningum Vatnajökulsþjóðgarðs við ferðaþjónustuaðila um menntun og reynslu leiðsögumanna

Ferðaþjónustuaðilar sem hyggjast stunda atvinnu og bjóða ferðamönnum upp á ferðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs þurfa, auk þess að vera með áður nefnd leyfi frá Ferðamálastofu, að vera með samning við Vatnajökulsþjóðgarð um starfsemina. Undir það falla m.a. íshellaferðir og jöklagöngur á tilgreindu svæði. Samningarnir eru gerðir á grundvelli atvinnustefnu þjóðgarðsins og 15. gr. a í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007 og undirliggjandi reglugerð.

Þeir ferðaþjónustuaðilar sem starfa innan þjóðgarðsins á grundvelli samnings þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur og skilyrði, sem þjóðgarðurinn fer yfir og metur. Kröfurnar lúta m.a. að öryggismálum, menntun, kunnáttu og þjálfun leiðsögumanna og umgengni. Samningshafar skulu einnig uppfylla sértæk gæðaviðmið Vakans, gæða- og umhverfisvottun ferðaþjónustunnar.

Rök eru fyrir því að yfir fara vel þau skilyrði sem koma fram í samningum þjóðgarðsins, sérstaklega fyrir áhættusamar skipulagðar ferðir eins og íshellaferðir. Æskilegt er t.d. að gera þar kröfu um menntun og reynslu leiðsögumanna, t.d. að hafa lokið námskeiðunum “Jöklaleiðsögn 1”, “Jöklaleiðsögn 2” eða “Jöklaleiðsögn 3” eftir því um hversu áhættusama ferð er að ræða og því sem talið er eiga við, byggt á nánara mati, samráði og rýni. Sjá nánar um þetta nám á heimasíðu Félags fjallaleiðsögumanna: <https://aimg.is/education>.

Markmiðið yrði að til staðar sé skýr og fullnægjandi öryggisáætlun og geta og reynsla til að starfa í samræmi við hana, og að sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti hvernig tryggt verði upp á öryggi allra í viðkomandi ferð (útbúnaður, stærð hópa o.s.frv.). Einnig að gjaldtaka taki mið af því að þjóðgarðurinn hafi einhver tæk á því að fara í staðbundið eftirlit með að fyrirtæki séu að starfa í samræmi við samningana og þá séu til staðar viðurlög ef svo er ekki. Hér mætti til dæmis taka mið af erlendum fyrirmyndum.

Mikilvægt er að draga Samtök ferðaþjónustunnar og lykilfyrirtæki sem búa yfir langri þekkingu á þessu sviði að borðinu til að útbúa skýrari kröfur hvað varðar samningana. Hjá yfirleiðsögumönnum þeirra fyrirtækja, sem verið hafa á jökli daglega í mörg ár, býr mesta þekkingin á því hvaða kröfu þarf að gera, hvar áhættan sé mest o.s.frv. Byggt á því samtali gæti Vatnajökulsþjóðgarði og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu verið falið, í samráði við haghafa, að útfæra framangreindar breytingar og gera nauðsynlegar breytingar á reglugerðinni um Vatnajökulsþjóðgarð og mögulega lögnum um þjóðgarðinn einnig. Með slíkri aðgerð er byggt upp öryggismenning innan greinarinnar í samstarfi við þá stjórnsýslueiningu sem er næst vettvangi.

Eitt af því sem bent hefur verið á af fyrirtækjum sem starfa á þessum vettvangi er að til að tryggja að á álagstímum sé ekki of mikið af fólki á sömu svæðum á jökli í einu, sé hægt að dreifa álaginu betur niður á fleiri svæði. Mun fleiri svæði (t.d. íshellar) séu til staðar en verið er að nýta. Samstarf fyrirtækja skiptir hér miklu máli og má þar m.a. horfa til fyrirkomulags á Kötlujökli sem ákveðna fyrirmynd um það hvernig aðilar sem keppast um viðskiptavinum geta unnið vel saman í að tryggja öryggi og gott aðgengi að þeim íshellum sem þar er að finna.

3. Sömu kröfur verði gerðar til ferðaþjónustuaðila á þjóðlendum og í þjóðgördum með nýtingarsamningum við sveitarfélög

Í dag eru engar sértækar kröfur gerðar til ferðaþjónustuaðila sem fara í jöklaferðir utan þjóðgarða, utan þess að vera með framangreint almennt leyfi frá Ferðamálastofu og að starfa í samræmi við almenn lög í landinu.

Jöklar utan þjóðgarða, þar sem ferðapjónusta er stunduð, eru innan þjóðlendna og heyra þannig undir forsætisráðuneyti varðandi nýtingu á landi í atvinnuskyni, sem og undir hlutverk og regluverk hlutaðeigandi sveitarfélags (skipulagsmál o.fl.). Rök eru fyrir því að taka til skoðunar hvort hægt sé að afrita að einhverju leyti það uppfærða fyrirkomulag sem sett verði á laggirnar varðandi nýja samninga Vatnajökulsþjóðgarðs (sbr. tillögu 2) yfir á samskonar skipulagðar ferðir á jöklum innan þjóðlendna.

Í framkvæmd væri til dæmis unnt að koma því þannig fyrir að viðkomandi aðilar þurfi að hafa nýtingarsamning um rekstur sinn við hlutaðeigandi sveitarfélag, með samþykki forsætisráðuneytis, ef nýtingin/samningurinn er til lengri tíma en eins árs.

Með svipuðum hætti og með reglugerðina um Vatnajökulsþjóðgarð yrðu þá skilyrði samninga ferðapjónustuaðila við hlutaðeigandi sveitarfélag með samþykki forsætisráðuneytis, útfærð í reglugerð með stoð í lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Með þessu er tryggt ákveðið samræmi milli aðila og milli landsvæða, varðandi aðkomu ríkisins og kröfur til ferðapjónustuaðila. Áhættumat ólíkra jökla hefur þó hér einnig áhrif, sjá tillögu 5.

4. Menntun leiðsögumanna verði betur tryggð innan menntakerfisins eða með stuðningi við Félag fjallaleiðsögumanna

Mörg af þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á skipulagðar jöklaferðir eru ekki með leiðsögumenn sem lokið hafa nauðsynlegri menntun í því fagi. Nám í fjallamennsku og leiðsögn er til staðar í dag, annars vegar hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og hins vegar á vettvangi Félags fjallaleiðsögumanna, en það síðarnefnda starfar án aðkomu eða stuðnings stjórnvalda. Vaxandi eftirspurn er eftir námi á þessu sviði. Fjármögnun grunnnáms í fjallamennsku hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu er tryggð til vors 2025, en óvíst er með framtíð þess.

Í tillögum 2 og 3 er lagt til að gerðar verði skýrari og meiri kröfur til menntunar leiðsögumanna þegar kemur að jöklaferðum (skilyrði þess að fá nýtingarsamning frá þjóðgarði, eða utan þjóðgarðs með samning við sveitarfélagið og samþykki forsætisráðuneytis). Þær séu til að mynda eftir atvikum og aðstæðum að lágmarki “Jöklaleiðsögn 1”, en í áhættumeiri ferðum “Jöklaleiðsögn 2” eða “Jöklaleiðsögn 3”, byggt á nánara mati, samráði og rýni.

Til að fara í átak í að tryggja að leiðsögumenn í jöklaferðum séu með slík réttindi þarf að styðja betur við slíkt nám. Ýmsar leiðir eru til þess. Hér mætti nefna beinan opinberan stuðning þess efnis við Félag fjallaleiðsögumanna og/eða að finna því betur stað í menntakerfinu (t.d. innan Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu) með tryggri fjármögnun til lengri tíma. Fyrirmyndir að slíku námi eru víða erlendis, sbr. Frakkland og Nýja Sjáland.

5. Unnið verði áhættumat á jöklum sem nýtt verði til að meta áhættu í skipulögðum jöklaferðum

Í dag er ekki til staðar áhættumat á jöklum (fyrir utan tilraunaverkefni fyrir nokkrum árum um Sólheimajökul), og heldur ekki fyrir tiltekna tegundir afþreyingar (t.d. íshellaferðir). Í gögnum sem Veðurstofan og Jarðvísindastofnun sendu starfshópnum kemur m.a. fram að meta þurfi betur og á landsvísu aukna áhættu sem fylgir fjölgun ferðamanna við og á jökulsporðum. Skoða þurfi áhættuþætti sérstaklega fyrir hvert svæði, þ.e.:

- Hlýindi og vatnavextir
- Jökulhlaup vegna jarðhita, eldvirkni, lóna eða skriðuhættu á jöklum
- Gasmengun í jökulhlaupum og í íshellum sem myndast vegna jarðhita.

Rök eru fyrir því að unnið verði áhættumat á jöklum og fyrir áhættumeiri skipulagðar ferðir, eins og t.d. íshellaferðir. Því fylgir kostnaður og aðkoma Veðurstofunnar. Niðurstöður úr slíku áhættumati geta verið einn af þeim þáttum sem tekið er tillit til varðandi kröfur þegar gerðir eru samningar (af hálfu þjóðgarða eða forsætisráðuneytis, sbr. framangreint) um nýtingu ferðapjónustuaðila á þeim

landsvæðum sem matið nær til. Þetta verkefni er þegar að finna innan starfshóps menningar- og viðskiptaráðuneytis um öryggismál í ferðaþjónustu (samanber aðgerð E.7 í aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu, sjá nánar viðauka 5). Brýnt er að hverskonar áhættumat vegna jökla og jöklaferða verði unnið og innleitt í nánu samstarfi með þeim sem hafa hvað mesta reynslu af framkvæmd skipulagðra ferða á jökla.

6. *Haldin verði skrá um slys og óhöpp í ferðaþjónustu.*

Ekki er haldið markvisst utan um skráningu slysa og óhappa í ferðaþjónustu. Það er mikilvægt fyrir greinina til að geta lært af slysum sem verða að slík skráning sé til staðar. Slíkt verkefni er þegar að finna innan starfshóps menningar- og viðskiptaráðuneytis um öryggismál í ferðaþjónustu (samanber aðgerð E.7 í aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu).

Í öllum framangreindum tillögum er mikilvægt að hafa lykilfyrirtæki í ferðaþjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar, með í samtalinu og útfærslum.

Minnisblað þetta er lagt fyrir ríkisstjórn til upplýsinga.

Viðaukar:

1. Samantekt Ferðamálastofu um atvikið 25. ágúst 2024
2. Samantekt Ferðamálastofu um öryggisáætlun viðkomandi fyrirtækis
3. Um skýrslu starfshóps frá 2021 um menntun og þjálfun leiðsögumanna
4. Um fyrirkomulag öryggismála í Noregi
5. Áherslur í nýlega samþykktu ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030. Starfshópur um bætt öryggi ferðamanna.
6. Minnisblað Veðurstofu Íslands og jöklaþóps Jarðvísindastofnunar Háskólans um öryggi ferðafólks á og við jökla
7. Glærुकyning Veðurstofu Íslands og jöklaþóps Jarðvísindastofnunar Háskólans um íshellaferðir og öryggi
8. Greinargerð Vatnajökulsþjóðgarðs um Íshellaferðir og jöklaþópur